

AUGLÝSING

um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frá 13. desember 2002 til 21. janúar 2003.

Gjört í Reykjavík, 13. desember 2002.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Davíð Oddsson.“

Alþingi samþykkti hinn 13. desember 2002 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 128. löggjafarþings, frestað hinn 13. desember 2002.

Forsætisráðuneytinu, 13. desember 2002.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.